



Fundur háskólaráðs 23. ágúst 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 16.08.2004
Dags: 23.08.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

11/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, mánudaginn 23. ágúst var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Í upphafi fundar bauð rektor nýja fulltrúa í háskólaráði velkomna til starfa. Þá fór fram kjör varaforseta háskólaráðs sem jafnframt er staðgengill rektors í forföllum hans. Lagði rektor til að Eiríkur Tómasson, prófessor og forseti lagadeildar, yrði kjörinn varaforseti háskólaráðs.
- Samþykkt einróma, en Eiríkur Tómasson sat hjá.

Mætt voru: Páll Skúlason, Inga Jóna Þórðardóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Jóhannes R. Sveinsson, Vilhjálmur Árnason, Matthías Imsland, Bryndís Harðardóttir, Anna Pála Sverrisdóttir og Eiríkur Tómasson.

Þórdís Kristmundsdóttir mætti sem varamaður Jóns Ólafs Skarphéðinssonar.

1. Til fróðleiks

- 1.1 Staða skráninga til náms 2004 – 2005 og framkvæmd aðhaldsaðgerða.
- Þórður Kristinsson gerði grein fyrir framlögðum bráðabirgðatölum úr Nemendaskrá. Í máli Þórðar kom m.a. fram að aðhaldsaðgerðir undanfarinna mánaða hafi skilað tilætluðum árangri. Málið var rætt.
- 1.2 Lögð fram skýrsla Ríkisendurskoðunar, júní 2004, Háskólamenntun, námsframboð og nemendafjöldi.
- Rektor greindi frá helstu niðurstöðum skýrslunnar og þeim verkefnum sem af henni leiða.
- 1.3 Starf Siðanefndar Háskólans.
- Rektor greindi frá málinu og var það rætt.
- 1.4 Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2004, um Evrópskan tungumáladag sem haldinn verður hátíðlegur föstudaginn 24. september nk.
- 1.5 Lagt fram endurskoðað erindisbréf ráðgjafanefndar rektors um gæðamál.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram tillaga heimspekideildar, dags. 14. júní 2004, að breytingu á 2. mgr. 101. gr. reglna Háskólans nr. 458/2000, samþykkt á deildarfundi 9. júní 2004. Tillagan felur í sér að japanska verði kennd til B.A. prófs. Málið var rætt.
- Samþykkt einróma.
- 2.2 Lögð fram tillaga hjúkrunarfræðideildar að reglum um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala – Háskólasjúkrahúss.
- Málið var rætt. Frestað til næsta fundar.
- 2.3 Tilnefningar í fjármálanefnd háskólaráðs frá deildum.
- Frestað til næsta fundar.
- 2.4 Skipan eins fulltrúa í jafnréttisnefnd háskólaráðs 2004 – 2006.

Rektor bar upp tillögu um að Gunnar Helgi Kristinsson prófessor tæki sæti í jafnréttisnefnd háskólaráðs.

- Samþykkt einróma.

- 2.5 Skipan nýs formanns kennslumálanefndar háskólaráðs frá 1. október 2004 að telja.

Rektor bar upp tillögu um að Sigurður J. Grétarsson prófessor taki við formennsku í kennslumálanefnd af Hjalta Hugasyni þegar skipunartíma hans lýkur 1. október 2004.

- Samþykkt einróma.

- 2.6 Lögð fram bréf læknadeildar dags. 2. júlí 2004 og hjúkrunarfræðideildar dags. 21. júní 2004 um afgreiðslu akademískra nafnbóta starfsmanna LSH.

- Málið var rætt og því frestað.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Starfsáætlun háskólaráðs 2004 – 2005.

Rektor fór yfir framlagt minnisblað um fundi og viðburði á haustmisseri 2004 og vormisseri 2005, dags. 20. ágúst 2004.

- 3.2 Uppbygging Háskóla Íslands. Markmið og aðgerðir 2002 – 2005.

Rektor greindi frá framkvæmd áætlunarinnar og undirbúningi við gerð nýrrar áætlunar til næstu ára. Málið var rætt.

- 3.3 Viðræður rektors við menntamálaráðherra um framtíðarfjármögnun kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands o.fl., sbr. síðasta fund.

Rektor greindi frá inntaki og stöðu viðræðna sinna við menntamálaráðherra. Viðræðunum verður áfram haldið 24. ágúst nk. Málið var rætt ítarlega.

- 3.4 Kjarasamningar framundan.

Guðmundur R. Jónsson, prófessor og formaður Samráðsnefndar um kjaramál, og Jóhannes R. Sveinsson, fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora í háskólaráði, gerðu grein fyrir framlögðum gögnum og áhersluatriðum í væntanlegum kjarasamningum. Málið var rætt og verður það áfram á dagskrá háskólaráðs.

- 3.5 Drög að bréfi rektors til menntamálaráðherra vegna Háskólatorgs, sbr. síðasta fund.

Rektor reifaði framlögð drög að bréfi til menntamálaráðherra vegna framkvæmda við Háskólatorg.

- Samþykkt samhljóða að rektor gangi frá bréfinu.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 15.20